



## Akraneskaupstaður

# REGLUR UM LIÐVEISLU Á AKRANESI

---

### 1. gr.

Markmið liðveislu er að efla fólk til sjálfstæðis, allt eftir getu hvers og eins. Með liðveislu er leitast við að veita persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun til dæmis með aðstoð til að njóta menningarlífs, félagslífs og tómstunda ásamt því að auka félagsfærni viðkomandi skv. 24. gr. laga um málefni fatlaðra.

### 2. gr.

Félagsleg liðveisla er ætluð fötluðum einstaklingum sem þurfa persónulegan stuðning og aðstoð við að rjúfa félagslega einangrun. Félagsleg liðveisla er fyrir þá fatlaða sem metnir eru í þörf fyrir þessa þjónustu. Þeir einstaklingar sem eiga lögheimili á Akranesi eiga rétt á liðveislu hjá Akraneskaupstað. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum má ennfremur veita félagslega liðveislu börnum sem glíma við alvarlegan vanda sem jafna má við fötlun.

### 3. gr.

Velferða- og mannréttindaráð fer með stjórn liðveislu á vegum Akraneskaupstaðar.

### 4. gr.

Félagsþjónusta Akraneskaupstaðar annast daglega umsjón liðveislunnar. Jafnframt leggur starfsmaður mat á þjónustuþörf og ákvarðar um hana innan ramma gildandi reglna sem velferðar- og mannréttindaráð hefur staðfest.

### 5. gr.

Þörf fyrir liðveislu skal metin á grundvelli umsóknar frá notanda, talsmanni hans eða forráðamanni ef um barn er að ræða. Þar skal tekið tillit til fötlunar viðkomandi, fjölskylduaðstæðna og þeirrar þjónustu sem viðkomandi nýtur hjá sveitarfélaginu. Starfsmanni skal heimilt að leita upplýsinga hjá öðrum aðilum sem veita umsækjanda þjónustu ef þess er talin þörf. Hámarks stundafjöldi í liðveislu á mánuði er 16 klst. Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki velferðar- og mannréttindaráðs er heimilt að veita liðveislu umfram það sem hér segir. Að öðru jöfnu skal ekki veitt liðveislu til þeirra sem hafa aðgang að þjónustu allan sólarhringinn, þar sem gert er ráð fyrir að ofangreindum þáttum sé sinnt af því starfsfólki sem aðstoðar viðkomandi hverju sinni sbr. 1. gr.

### 6. gr.

Þjónustan er háð fjárhagsáætlun hverju sinni. Liðveisla er veitt tímabundið, mest 6 mánuði í senn. Heimilt er þó að ákveða liðveislu til 9 mánaða ef hún er tengd annarri tímabundinni



## Akraneskaupstaður

þjónustu t.d. skólavist. Þar sem liðveisla er veitt sem hluti af grunnþjónustu er heimilt að gera samning til eins árs í senn, almanaksárið

### 7. gr.

Félagsþjónustan ræður liðveitanda til starfa og sér um að veita honum faglegan stuðning og handleiðslu.

### 8. gr.

Akraneskaupstaður greiðir laun liðveitenda. Óheimilt er að taka við greiðslum eða gjöfum frá notendum þjónustunnar. Liðveitendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu um einkamál og heimilishald skjólstæðinga.

### 9. gr.

Félagsþjónustan sér um launa- og kostnaðarhlið liðveislu. Félagsmálastjóri ber ábyrgð á að veittur tímafjöldi sé innan marka fjárhagsáætlunar hverju sinni.

### 10. gr.

Liðveitandi mun við ráðningu fá afhent kort sem veitir aðgang án endurgjalds að hinum ýmsu stofnunum Akraneskaupstaðar og samstarfsaðila hans. Aðgangskortið gildir eingöngu þegar starfsmaður er að störfum. Annan útlagðan kostnað s.s. bensín- og matarkostnað liðveitanda á ferðalögum greiðir notandi sjálfur.

### 11. gr.

Liðveitandi skal skila greinargerð um starf sitt og skal koma fram á ráðningarsamningi hversu oft greinargerð skal skilað.


### 12. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 24. gr. laga nr. 52/1992 um málefni fatlaðs fólks og öðlast þegar gildi.

**Samþykkt í velferðar- og mannréttindaráði þann 17. 12. 2014.**

**Samþykkt í bæjarráði þann 29. 01. 2015**

**Samþykkt í bæjarstjórn 10. 2. 2015**



Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri